

Nd.

175. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá landhúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Heimilt er að færa þessar aukavarðlinur til, enda þótt þær styttest eða lengist nokkuð við færsluna, ef nefndinni virðist það nauðsynlegt til þess að hindra útbreiðslu veikinnar.

2. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 7. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Nú hefir aukavarðlína verið sett samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og veikinnar ekki orðið vart innan hennar að minnsta kosti árlangt frá því girt var, og er þá framkvæmdanefnd mæðiveikivarnanna heimilt að ákveða, að varzlan meðfram varðlínunni og viðhald girðingar verði kostuð af rikissjóði á sama hátt og varzlan meðfram aðalvarðlínunum, enda greiði þá sauðfjáreigendur innan þessarar varðlínu gjald það, er um ræðir í síðari málsgrein 18. gr. Viðkomandi sveitir skulu eftir sem áður standa straum af stofnkostnaði girðingarinnar.

3. gr.

Aftan við 3. málsgrein 9. gr. laganna bætist:

Skulu þá 2 dómkvaddir menn meta tjónið, er greiðist af hlutaðeigandi sveitar-sjóði, enda séu varnirnar framkvæmdar að meira eða minna leyti í þágu þess sveitarfélags, annars greiði það hreppsfélag, er næst liggur og nýtur varnanna. Úrskurði matsmanna má áfrýja til yfirmats.

4. gr.

3. tölul. 19. gr. laganna skal orða svo:

Til greiðslu á styrk til framræslu vegna tún- eða engjaræktar, endurræktunar í túni, túnasléttunar og til garðræktar, er nemi þrefaldri þeirri fjárhæð, sem nú er greidd á verkeiningu samkvæmt jarðræktarlögum, ef ekki er um vélavinnu að ræða, annars tvöfaldur styrkur. Til túnauka má greiða allt að jafnháum styrk og jarðræktarstyrknum nemur. Auk þess greiðist lögmæltur jarðræktarstyrkur.

Heimilt er að verja því styrktarfé, er fellur undir þennan lið, til vinnu við aðrar umbætur á jörðinni, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð og að fengnu samþykki mæðiveikinefndar í hverju einstöku tilfelli.

5. gr.

Aftan við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Nú virðist mæðiveikin vera í augljósri rénun hjá einstökum bændum, og er þá heimilt að styrkja þá til þess að koma sér upp fjárstofni og verja til þess fyrst og fremst því fé, sem þeim hefði annars borið samkv. 2. og 3. tölul. 19. gr., allt eftir nánari ákvæðum reglugerðar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk landbúnaðarráðherra, en samið af mæðiveikinefnd. Fylgdu því svolátandi athugasemdir og skýrslur:

Um 1. gr.

Breyting sú, sem hér er lagt til að gerð verði á 6. gr. laganna um varnir gegn mæðiveikinni, stafar af því, að aðstæður hafa breytzt. Meðfram Blöndu neðan til er orðið sýkt beggja vegna, og er því ekki ástæða til að halda þar uppi aukavarðlínu. Mundi linan nú ekki verða látin ná lengra en á móts við vesturenda Vatnsskarðsgirðingar. Á sama hátt verður varðlínan við Brúará óþörf, þar eð veikin er komin upp á nokkrum bæjum í Biskupstungum. En vegna þess, að enn hefir ekkert borið á veikinni í Hreppum og á Skeiðum, er líklegt, að flytja þurfi varðlínuna meðfram Hvítá, svo að hún liggi upp í Hofsjökul á mörkum afrétta Biskupstungna og Hrunamannahrepps, í stað þess að nú liggur hún upp í Langjökul. Linan á Kili verður þá að mestu óþörf. Ekki á að þurfa að verða af þessu neinn kostnaðarauki móts við það, sem var síðastliðið ár, heldur ef til vill hið gagnstæða.

Um 2. gr.

Það hefir komið í ljós, að aðiljar þeir, sem um ræðir í 7. gr. laganna, eiga mjög erfitt með að standa straum af girðingum þeim, sem settar hafa verið samkvæmt greininni, þar sem lögin gera fjáreigendum bæði að kosta sjálfir stofnkostnað, að frádregnum styrk, og viðhald girðinganna, svo og vörzlu meðfram girðingunum. Á þetta einkum við um girðinguna yfir Vatnsskarð, yfir þvert Snæfellsnes og þvert yfir Skeið. Er því lagt til, að vörzlu og viðhaldi megi létta af fjáreigendum, en í þess stað greiði þeir 10 aura af hverri kind eins og þeir, sem búsettir eru utan aðalvarnarlinanna. Nokkur aukakostnaður hlýtur að verða af þessari breytingu. Á Vatnsskarði mundi bætast við kaup þriggja varðmanna (ca. 4200 kr.) auk viðhalds girðingarinnar, og svipaður kostnaðarauki mun verða á Snæfellsnesi. Á Skeiðum mun 10 aura gjaldið vega upp á móti kostnaðaraukanum.

Um 3. gr.

Þrátt fyrir niðurlagsákvæði 9. gr. laganna koma margar bótakröfur til nefndarinnar. Sumar þeirra eru á nokkrum rökum reistar, en aðrar virðast nefndinni gerðar af nokkurri ágengni gagnvart hinu opinbera, einkum er þær koma frá mönnum, sem verið er að verja fé þeirra. Sú breyting, sem hér er lagt til að gerð verði, mundi verða til þess að draga úr bótakröfum og einnig koma greiðsluskyldu á þá, sem beinastan hag hefðu af ráðstöfunum þeim, er bætur ættu að koma fyrir.

Um 4. gr.

Ekki er ætlazt til, að upphæð heildarstyrks hækki vegna breytinganna á 19. gr. laganna, heldur sé mönnum gert hægara fyrir að vinna fyrir styrknum heima og án þess að vanrækja heimilistörfin.

Um 5. gr.

Mæðiveikinefnd er þeirrar skoðunar, að eins og nú er komið sé heppilegra að styðja menn til þess að koma sér aftur upp arðvænlegum bústofni heldur en að veita mönnum einskonar framfærslustyrk, sem engan stað á sér til frambúðar. Nefndinni er einnig vel ljóst, að sú styrktarstarfsemi, sem nú er ákveðin, þarf sem fyrst að geta tekið enda, og er það jafnariðandi bæði fyrir veitanda og þiggjanda.

Sauðfjártala vestan Þjórsár og Héraðsvatna árin 1936, 1937, 1938.

	Fjártala vorið 1936	Fjártala árslok 1937	Mis- munur	Fjártala árslok 1938	Mis- munur frá 1937	Mismunur alls frá 1936	Fækkun %
Árnessýsla	70683	64123	÷ 6560	61148	÷ 2975	÷ 9535	13,5
Gaulverjabæjar	3075	2850	÷ 225	2720	÷ 130	÷ 355	11,6
Stokkseyrar	2173	1928	÷ 245	1706	÷ 222	÷ 467	21,5
Eyrbakka	1595	816	÷ 779	541	÷ 275	÷ 1054	66,1
Sandvikur	2262	1727	÷ 535	1658	÷ 69	÷ 604	26,8
Hraungerðis	3116	3350	+ 234	3008	÷ 342	÷ 108	3,5
Villingaholts	3910	4069	+ 159	3700	÷ 369	÷ 210	5,4
Skeiða	4471	4570	+ 99	4623	+ 53	+ 152	„
Gnúpverja	6423	6020	÷ 403	6035	+ 15	÷ 388	6,0
Hrunamanna	7651	7500	÷ 151	7809	+ 309	+ 158	„
Biskupstungna	10439	9969	÷ 470	9949	÷ 20	÷ 490	4,7
Laugardals	4455	3320	÷ 1135	2863	÷ 457	÷ 1592	35,8
Grímsnes	7603	5160	÷ 2443	4415	÷ 745	÷ 3188	42,0
Þingvalla	2420	1685	÷ 735	1475	÷ 210	÷ 945	39,0
Grafnings	2438	2450	+ 12	2550	+ 100	+ 112	„
Ölfus	6109	5913	÷ 196	5431	÷ 482	÷ 678	11,1
Selvogs	2543	2796	+ 253	2665	÷ 131	+ 122	„
Reykjavík	1002	1500	+ 498	1470	÷ 30	+ 468	„
Gullbr.- og Kjósars. .	17882	17962	+ 80	16398	÷ 1564	÷ 1484	8,3
Grindavíkur	2925	3150	+ 225	2802	÷ 348	÷ 123	4,2
Hafna	789	830	+ 41	870	+ 40	+ 81	„
Miðnes	1252	1230	÷ 22	1197	÷ 33	÷ 55	4,5
Gerða	173	315	+ 142	248	÷ 67	÷ 75	„
Keflavíkur	565	600	+ 35	596	÷ 4	+ 31	„
Vatnsleysustr.	1729	1980	+ 251	2043	+ 63	+ 314	„
Garða	1391	1479	+ 88	1069	÷ 410	÷ 322	23,3
Bessastaða	135	95	÷ 40	104	+ 9	÷ 31	23,0
Seltjarnarnes	604	498	÷ 106	975	+ 477	+ 371	„
Mosfells	2334	2324	÷ 10	2280	÷ 44	÷ 54	2,3
Kjalarnes	2480	2346	÷ 134	1800	÷ 546	÷ 680	27,6
Kjósar	3505	3115	÷ 390	2414	÷ 701	÷ 1091	31,2
Hafnarfjörður	1009	1007	÷ 2	960	÷ 47	÷ 49	4,9
Borgarfjarðarsýsla ..	25594	14948	÷ 10646	15117	÷ 169	÷ 10477	41,0
Stranda	3094	2939	÷ 155	2678	÷ 261	÷ 416	13,4
Skilmanna	1070	822	÷ 248	700	÷ 122	÷ 370	34,8
Innri-Akranes	1000	950	÷ 50	784	÷ 166	÷ 216	21,6
Ytri-Akranes	920	780	÷ 140	807	+ 27	÷ 113	12,3
Leirár og Mela	2302	2350	+ 48	2105	÷ 245	÷ 197	8,6
Andakíls	4297	1320	÷ 2977	1759	+ 439	÷ 2538	59,1
Skorradals	2826	1949	÷ 877	1801	÷ 148	÷ 1025	36,3
Lundarreykjadalss ...	2403	1129	÷ 1274	1191	+ 62	÷ 1212	50,5
Reykholtisdals	5138	1691	÷ 3447	1824	+ 133	÷ 3314	64,5
Hálsa	2544	1018	÷ 1526	1468	+ 450	÷ 1076	42,3

	Fjártala vorið 1936	Fjártala árslok 1937	Mis- munur	Fjártala árslok 1938	Mis- munur frá 1937	Mismunur alls frá 1936	Fækkun %
Mýrasýsla	34019	21008	÷13011	18802	÷2206	÷15217	44,7
Hvítársíðu	3795	1724	÷2071	2190	+ 466	÷1605	42,3
Þverárhliðar	2675	1152	÷1523	1320	+ 168	÷1355	50,7
Norðurárdals	3572	2150	÷1422	1994	÷ 156	÷1578	44,2
Stafholtstungna	5695	2420	÷3275	3058	+ 638	÷2637	46,3
Borgar	5932	5000	÷ 932	2994	÷2006	÷2938	49,5
Álftanes	5341	3498	÷1843	2523	÷ 975	÷2818	52,8
Hraun	5866	4405	÷1461	4152	÷ 253	÷1714	29,2
Borgarnes	1143	659	÷ 484	571	÷ 88	÷ 572	50,0
Snæf.- og Hnappad. ..	26990	26956	÷ 34	28997	+2041	+2007	„
Kolbeinsstaða	3887	3984	+ 97	4014	+ 30	+ 127	„
Eyja	2290	2429	+ 139	2205	÷ 224	÷ 85	3,7
Miklaholts	3138	3220	+ 82	3464	+ 244	+ 326	„
Staðarsveitar	3124	2960	÷ 164	3384	+ 424	+ 260	„
Breiðuvíkur	2204	2138	÷ 66	2393	+ 255	+ 189	„
Nes utan Ennis	1221	946	÷ 275	1390	+ 444	+ 169	„
Ólafsvíkur	268	282	+ 14	541	+ 259	+ 273	„
Fróðár	752	793	+ 41	724	÷ 69	÷ 28	3,7
Eyrarsveit	2552	2511	÷ 41	3100	+ 589	+ 548	„
Stykkishólms	515	477	÷ 38	314	÷ 163	÷ 201	39,1
Helgafellssveitar	3359	3413	+ 54	3570	+ 157	+ 211	„
Skógarstrandar	3680	3803	+ 123	3898	+ 95	+ 218	„
Dalasýsla	26139	22377	÷3762	20099	÷2278	÷6040	23,1
Hörðudals	2461	2000	÷ 461	2350	+ 350	÷ 111	4,5
Miðdala	4090	3559	÷ 531	3055	÷ 504	÷1035	25,3
Haukadals	2585	1750	÷ 835	1429	÷ 321	÷1156	44,7
Laxárdals	5226	4566	÷ 660	3601	÷ 965	÷1625	31,1
Hvammss	3272	2943	÷ 329	2466	÷ 477	÷ 806	24,6
Fellsstrandar	2453	2341	÷ 112	2218	÷ 123	÷ 235	9,6
Klofnings	1282	834	÷ 448	760	÷ 74	÷ 522	40,7
Skarðs	1367	1255	÷ 112	1380	+ 125	+ 13	„
Saurbæjar	3403	3129	÷ 274	2840	÷ 289	÷ 563	16,6
A.-Barðastrandars. ..	9395	10635	+1240	11090	+ 455	+1695	„
Geiradals	1648	1556	÷ 92	1547	÷ 9	÷ 101	6,1
Reykhóla	2854	3708	+ 854	3773	+ 65	+ 919	„
Gufudals	1883	2115	+ 232	2283	+ 168	+ 400	„
Múla	1747	1970	+ 223	2091	+ 121	+ 344	„
Flateyjar	1263	1286	+ 23	1396	+ 110	+ 133	„
V.-Barðastrandars. ..	13286	13759	+ 473	13572	÷ 187	+ 286	„
Barðastrandar	3686	3869	+ 183	3918	+ 49	+ 232	„
Rauðasands	3462	3510	+ 48	3471	÷ 39	+ 9	„
Patreks	329	374	+ 45	331	÷ 43	+ 2	„
Tálknafjarðar	1856	2006	+ 150	1883	÷ 123	+ 27	„
Ketildala	2063	2200	+ 137	2109	÷ 91	+ 46	„
Suðurfjarða	1890	1800	÷ 90	1860	+ 60	÷ 30	1,6

	Fjártala vorið 1936	Fjártala árslok 1937	Mis- munur	Fjártala árslok 1938	Mis- munur frá 1937	Mismunur alls frá 1936	Fækkun o/o
Ísafjarðarsýsla	29083	32189	+3106	32569	+ 380	+3486	„
Auðkúlu	2237	2231	÷ 6	2274	+ 43	+ 37	„
Þingeyrar	2959	2813	÷ 146	2790	÷ 23	÷ 169	5,7
Mýra	2673	2638	÷ 35	2510	÷ 128	÷ 163	6,1
Mosvalla	2143	2000	÷ 143	1930	÷ 70	÷ 213	10,0
Flateyrar	735	758	+ 23	801	+ 43	+ 66	„
Suðureyrar	1151	1253	+ 102	1245	+ 8	+ 94	„
Hóls	1497	1779	+ 282	2102	+ 323	+ 605	„
Eyrar	1036	1111	+ 75	1212	+ 101	+ 176	„
Súðavíkur	1713	2235	+ 522	2354	+ 119	+ 641	„
Ögur	2567	2532	÷ 35	2551	+ 19	÷ 16	0,6
Reykjarfjarðar	2976	3107	+ 131	3249	+ 142	+ 273	„
Nauteyrar	3748	3960	+ 212	3975	+ 15	+ 227	„
Snæfjalla	1052	1225	+ 173	1263	+ 38	+ 211	„
Grunnavíkur	2018	2330	+ 312	2201	÷ 129	+ 183	„
Sléttu	578	2217	+1639	2112	÷ 105	+1534	„
Ísafjarðarkaupst. ...	515	519	+ 4	572	+ 53	+ 57	„
Strandasýsla	18967	17166	÷1801	16701	÷ 465	÷2266	11,9
Árnes	3445	3253	÷ 192	3282	+ 29	÷ 163	4,7
Kaldrananes	2587	2409	÷ 178	3031	+ 622	+ 444	„
Hrófbergs	3166	3100	÷ 66	2996	÷ 104	÷ 170	5,4
Kirkjubóls	2077	2012	÷ 65	1580	÷ 432	÷ 497	23,9
Fells	1307	1287	÷ 20	1186	÷ 101	÷ 121	9,3
Óspakseyrar	1665	1195	÷ 470	1240	+ 45	÷ 425	25,5
Bæjar	4720	3910	÷ 810	3386	÷ 524	÷1334	28,3
V.-Húnavatnssýsla ..	29674	15981	÷13693	13761	÷2220	÷15913	53,6
Staðar	2729	1205	÷1524	1250	+ 45	÷1479	54,2
Fremri-Torfustaða ..	4429	1898	÷2531	1952	+ 54	÷2477	55,9
Ytri-Torfustaða	5959	2285	÷3674	2726	+ 441	÷3233	55,9
Kirkjuhvamms	5238	2915	÷2323	2050	÷ 865	÷3188	60,9
Þverár	4946	4075	÷ 871	2820	÷1255	÷2126	43,0
Þorkelshóls	6373	3603	÷2770	2963	÷ 640	÷3410	53,5
A.-Húnavatnssýsla ..	36335	29979	÷6356	26847	÷3132	÷9488	„
Ás	6157	3733	÷2424	3327	÷ 406	÷2830	46,0
Sveinsstaða	4374	3426	÷ 948	3246	÷ 180	÷1128	25,8
Torfalækjar	3537	2750	÷ 787	2556	÷ 194	÷ 981	27,7
Blönduós	972	434	÷ 538	364	÷ 70	÷ 608	62,6
Svinavatns	5696	4420	÷1276	2887	÷1533	÷2809	49,3
Bólstaðarhliðar	5394	4894	÷ 500	5230	+ 336	÷ 164	3,0
Engihliðar	3536	3272	÷ 264	3165	÷ 107	÷ 371	10,5
Vindhælis	6669	7050	+ 381	6072	÷ 978	÷ 597	9,0
Skagafj.s. v. Héraðsv.	20860	19969	÷ 891	19276	÷ 693	÷1584	7,6
Skefilsstaða	3162	3175	+ 13	3007	÷ 168	÷ 155	4,9
Skarðs	1545	1530	÷ 15	1394	÷ 136	÷ 151	9,8
Sauðárkróks	1209	991	÷ 218	850	÷ 141	÷ 359	29,7

	Fjártala vorið 1936	Fjártala árslok 1937	Mis- munur	Fjártala árslok 1938	Mis- munur frá 1937	Mismunur alls frá 1936	Fækkun %
Staðar	2954	2680	÷ 274	2195	÷ 485	÷ 759	25,7
Seilu	3847	3600	÷ 247	3379	÷ 221	÷ 468	12,2
Lýtingsstaða	6379	6181	÷ 198	6770	+ 589	+ 391	„
Ripur	1764	1812	+ 48	1681	÷ 131	÷ 83	4,7

Heildaryfirlit yfir sauðfjártölu vestan Þjórsár og Héraðsvatna 1936, 1937 og 1938 og fækkun á svæðinu.

	Fjártala vorið 1936	Fjártala árslok 1937	Mis- munur	Fjártala árslok 1938	Mis- munur frá 1937	Mismunur alls frá 1936	Fækk- un árið 1938 %	Heildar fækkun %
Árnessýsla	70683	64123	÷ 6560	61148	÷ 2975	÷ 9535	4,7	13,5
Reykjavík	1002	1500	+ 498	1470	÷ 30	+ 468	2,0	„
Gullbr.- og Kjós.	17882	17962	+ 80	16398	÷ 1564	÷ 1484	8,7	8,3
Hafnarfj.	1009	1007	÷ 2	960	÷ 47	÷ 49	4,7	4,9
Borgarfjarðars.	25594	14948	÷ 10646	15117	+ 169	÷ 10477	+ 1,1	41,0
Mýrasýsla	34019	21008	÷ 13011	18802	÷ 2206	÷ 15217	10,5	44,7
Snæf. og Hnapp.	26990	26956	÷ 34	28997	+ 2041	+ 2007	„	„
Dalassýsla	26139	22377	÷ 3762	20099	÷ 2278	÷ 6040	10,2	23,1
A.-Barðastr.s. ..	9395	10635	+ 1240	11090	+ 455	+ 1695	„	„
V.-Barðastr.s. ..	13286	13759	+ 473	13572	÷ 187	+ 286	1,4	„
Ísafjarðars. ...	29083	32189	+ 3106	32569	+ 380	+ 3486	„	„
Ísafj.kaupst. ...	515	519	+ 4	572	+ 53	+ 57	„	„
Strandasýsla ..	18967	17166	÷ 1801	16701	÷ 465	÷ 2266	2,6	11,9
V.-Húnavatnss. .	29674	15981	÷ 13693	13761	÷ 2220	÷ 15913	13,9	53,6
A.-Húnavatnss. .	36335	29979	÷ 6356	26847	÷ 3132	÷ 9488	10,5	26,1
Skagafj.s. v. v.	20860	19969	÷ 891	19276	÷ 693	÷ 1584	3,5	7,6
	361433	310078	51355	297379	12699	64054	4,1	17,75

Fækkun í árslok 1937	56756	
Fjölgun í árslok 1937	5401	51355
Fækkun á árinu 1938	15797	
Fjölgun á árinu 1938	3098	12699
Fækkun alls frá 1936	64054	

Í fyrra var safnað skýrslum um fjártölu allra hreppa vestan Héraðsvatna og Þjórsár.

Hér birtist nú framhald af þeirri skýrslugerð með yfirliti yfir fjárfækkun síðasta árs.

Í dálkum skýrslunnar eru í fyrstu lóðréttu röð fjártölur frá vorinu 1936. Úr nokkrum hreppum Borgarfjarðarsýslu varð þó að miða við vorframtal 1935 af eðlilegum ástæðum. Í öðrum dálki eru tölur frá fódurbirgðatalningu fyrir árslok 1937. Í þeim hreppum, þar sem fódurbirgðaeftirlit er vanrækt, hafa hreppstjórar verið beðnir að afla upplýsinga um fjárfjölda við árslok 1937 eftir beztu getu. Þriðji dálkur sýnir fjárfækkun eða fjárfjölgun frá því að veikin byrjaði og til ársloka 1937.

Fjárfækkunin er þó yfirlétt meiri en fram kemur í skýrslunni, og fjölgunin minni, sakir þess að vorframtalið er víða of lágt. Frá því að veikin hófst og fram til ársloka 1937 er fækkunin a. m. k. 51355 kindur, og sú fækkun á sér aðallega stað frá því haustið 1936 til ársloka 1937.

Í fjórða dálki er fjártalan við árslok 1938. Er talnanna aflað á sama hátt og

gert var árið áður. Samanburði á tölunum frá árslokum 1937 og 1938 er því óhætt að treysta að mestu leyti, því að þó smávægilegar skekkjur kunni einhverstaðar að leynast, má gera ráð fyrir, að þær vegi nokkuð hver upp á móti annari.

Í fimmta dálki er mismunur á fjárfjölda við árslok 1937 og 1938. Þar má sjá, að fé er aðeins farið að fjölga aftur í þeim hreppum Borgarfjarðarsýslu, Vestur-Húnavatnssýslu og Mýrasýslu, þar sem veikin hefir verið lengst. Fjölgunin nemur þó ekki neinu verulegu enn sem komið er.

Fjárfækkun á árinu hefir verið mest í suðurhluta Dalasýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Árnessýslu. Í Skagafjarðarsýslu og Árnessýslu er þó tölurverður hluti fækkunarinnar ekki beinlínis af völdum veikinnar.

Heildarfækkunin á síðastl. ári hefir samtals numið 15797 kindum. Fækkunin nemur ekki nema 5,1% af fé því, sem talið var fram í árslok 1937. En þegar tekið er tillit til þeirrar fjölgunar, sem orðið hefir, er fækkunin 12699 kindur, eða 4,1% af fjárstofni við árslok 1937. 12699 er ekki nema tæpur fjórði hluti af þeim rúmlega 51000 kindum, sem dauðar voru fyrir árslok 1937.

Sauðfjárfækkunin á árinu er miklu minni en flestir munu hafa búizt við. Ástæðurnar til þess, að dregið hefir mjög úr dauðatölu af völdum veikinnar, munu vera, að bæði er veikin að miklu leyti um garð gengin þar, sem hún gekk óðast yfir í byrjun, og ennfremur að allmikið kapp hefir verið lagt á að hefta útbreiðslu veikinnar eftir megni á svonefndum jaðarsvæðum.

En þrátt fyrir hina tiltölulega litlu fjárfækkun á síðastl. ári má ekki gleyma því, að veikin á að sjálfsgöðu eftir að gera mikinn usla í Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Austur-Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum utan Vatnsskarðs.